

# Ársskýrsla Námsgagnasjóðs

skólaárið 2018-2019

Samband íslenskra sveitarfélaga  
Ágúst 2019

Lög um námsgögn voru samþykkt á Alþingi 28. mars 2007. Markmið laganna er að tryggja framboð og fjölbreytileika námsgagna í samræmi við þarfir nemenda og skóla. Í lögnum er kveðið á um stofnun Námsgagnasjóðs og Þróunarsjóðs námsgagna, auk þess sem fjallað er um Námsgagnastofnun. Þann 31. október 2016 var reglugerð um Námsgagnasjóð nr. 1111/2007 felld úr gildi og við tóku nýjar [úthlutunarreglur Námsgagnasjóðs nr. 899](#) (sjá fylgiskjal 1).

Námsgagnasjóður hefur það hlutverk að leggja grunnskólum til viðbótarfé til námsgagnakaupa í því augnamiði að tryggja val þeirra um námsgögn. Með tilkomu sjóðsins hafa grunnskólar aukið svigrúm til námsgagnakaupa til viðbótar við úrval Menntamálastofnunar, áður Námsgagnastofnunar. Grunnskólar fá áfram námsgögn frá Menntamálastofnun.

Fram til ársins 2012 var framlag í Námsgagnasjóð ákveðið í fjárlögum ár hvert. Fyrsta úthlutun úr sjóðnum fór fram í nóvember 2007. Vegna niðurskurðar í ríkisútgjöldum varð mennta- og menningarmálaráðuneytið að skerða framlög til sjóðsins. Í töflunni hér að neðan má sjá framlög til sjóðsins frá árinu 2007.

Ár	Framlag í millj. kr.
2019	61
2018	59,8
2017	54
2016	54
2015	54
2014	54
2013	40
2012	40
2011	40
2010	60
2009	50
2008	100
2007	100

Mennta- og menningarmálaráðherra skipar stjórn sjóðsins til fjögurra ára í senn. Einn stjórnarmaður er tilnefndur af Kennarasambandi Íslands og einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Einn stjórnarmaður er skipaður án tilnefningar og skal hann vera formaður en varaformaður er skipaður úr hópi tilnefndra aðalmanna. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Í upphafi árs 2012 var skipað í nýja stjórn Námsgagnasjóðs og var skipunartími hennar frá 26. apríl 2012 til 25. apríl 2016. 25. janúar 2017 var skipunartíminn framlengdur til 31. desember 2017. Mennta- og menningarmálaráðherra framlengdi skipunartímann til 31. desember 2018 á meðan verið er að endurskoða stefnu um námsgögn og þar með talið starfsumhverfi sjóðsins. Skipunartíminn var enn framlengdur 19. ágúst 2019 til ársloka.

Eftirtaldir skipa stjórn Námsgagnasjóðs:

**Aðalmenn:**

Guðni Olgeirsson, án tilnefningar, formaður,  
Helga Guðmundsdóttir, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, varaformaður,  
Hjördís Albertsdóttir, tilnefnd af Kennarasambandi Íslands.

**Varamenn:**

Marta Guðrún Skúladóttir, án tilnefningar,  
Nanna Kristín Christiansen, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga,  
Þorsteinn Sæberg, tilnefndur af Kennarasambandi Íslands.

Samkomulag um tímabundna breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga var undirritað 5. október 2011. Eitt af þeim verkefnum sem samkvæmt samkomulaginu færðust frá ríki til sveitarfélaga var fjármögnun og rekstur Námsgagnasjóðs. Umsýsla sjóðsins, sem frá stofnun sjóðsins hafði verið hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, færðist við undirritun samkomulagsins til Sambands íslenskra sveitarfélaga. Starfsmenn sjóðsins eru Klara E. Finnbogadóttir og Valgerður Freyja Ágústsdóttir. Umsýslukostnaður greiðist af ráðstöfunarfé sjóðsins.

Fjármunum sem eru til ráðstöfunar á ári hverju, að frátöldum umsýslukostnaði, er úthlutað til grunnskóla til námsgagnakaupa. Hlutdeild hvers grunnskóla ræðst af nemendafjölda á grundvelli nýjustu upplýsinga frá Hagstofu Íslands um fjölda skráðra nemenda í hverjum grunnskóla. Grunnskólar með 150 nemendur eða færri fá reiknað álag á hvern nemanda.

Samkvæmt úthlutunarreglum sjóðsins er grunnskólum einungis heimilt að ráðstafa fjármunum úr Námsgagnasjóði til kaupa á námsgögnum frá lögaðilum öðrum en Menntamálastofnun og skulu námsgögnin samrýmast markmiðum aðalnámskrár grunnskóla. Óheimilt er að verja fjármunum úr Námsgagnasjóði til búnaðar- og tækjakaupa. Rekstraraðilar grunnskóla bera ábyrgð á að fylgjast með því að grunnskólar nýti fjármagnið samkvæmt úthlutunarreglum sjóðsins.

Samkvæmt 5. gr. úthlutunarreglna Námsgagnasjóðs getur sjóðurinn kallað eftir gögnum um ráðstöfun úthlutunarfjár frá rekstraraðilum grunnskóla. Starfsmenn sjóðsins óskuðu eftir greinargerðum um ráðstöfun fjármagns vegna skólaársins 2018-2019, á þar til gerðu Excel-skjali, frá 19 grunnskólunum í fimm sveitarfélögum. Viðkomandi skólaskrifstofur fengu afrit af tölvupóstinum og rekstraraðilar/sveitarfélög þar sem ekki er starfandi skólaskrifstofa í sveitarfélaginu. Svör bárust frá 18 grunnskólum.

Skólaárið 2018-2019 keyptu skólarnir 18 námsgögn frá 64 mismunandi söluaðilum. Algengast er að verslað sé við Skólavefinn, Egilsson ehf./A4, Forlagið, ABC skólavörur og Pennann. Skólarnir voru beðnir um að velja úr fellilista tegund námsgagns (forrit, handbók, kennslubók, vefsíða, spil, annað). Mestur hluti fjármagns Námsgagnasjóðs fór í kennslubækur. Einnig nýttu skólar fjármagn sjóðsins þó nokkuð til kaupa á áskriftum að ýmsum vefsíðum. Skólarnir völdu oft valkostinn „Annað“ og voru beðnir um að tilgreina nánar hvaða tegund námsgagns um ræðir. Var oftast nefnt forritanlegt LEGO og stærðfræðigögn. Mestur hluti fjármagns Námsgagnasjóðs fór í námsgögn vegna íslenskukennslu. Næst mest fjármagn fór í að greiða námsgögn vegna stærðfræðikennslu og erlendra tungumála. Ekki er að sjá breytingu á ráðstöfun fjármagns úr Námsgagnasjóði frá fyrri árum þegar allir grunnskólar skiluðu skilagrein sem yfirfarin var af stjórn sjóðsins. Stjórn Námsgagnasjóðs telur því að núverandi framkvæmd eftirlits með ráðstöfun fjármuna sjóðsins sé fullnægjandi.

Hafa skal í huga að ekki er hægt að draga ályktun um heildarkostnað grunnskóla vegna kaupa á námsgögnum út frá þessum gögnum þar sem skólar verja mun meiri fjármunum í kaup á námsgögnum en þeir fá úthlutað úr Námsgagnasjóði og geta því aðeins gert grein fyrir broti af því í skilagrein til sjóðsins.

Heildartekjur sjóðsins árið 2018 voru 59,8 m.kr. af þeirri upphæð var tæplega 59,2 m.kr. úthlutað til grunnskóla landsins (sjá fylgiskjal 2) fyrir skólaárið 2018-2019. Annar kostnaður var upp á tæpa 1 m.kr., þar inni er umsýslukostnaður til að standa straum af rekstri sjóðsins, sbr. 6. gr. úthlutunarreglna sjóðsins, þar með talið skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.

Stjórn Námsgangasjóðs telur mikilvægt að sem fyrst verði lokið við heildarendurkoðun á stefnu um námsgögn sem staðið hefur yfir í nokkur ár þannig að óvissu um hlutverk og fjármögnun sjóðsins verði eytt. Stjórn sjóðsins telur óheppilegt að fjármögnun sjóðsins sé tengd tímabundnu samkomulagi um óskyld verkefni ríkis og sveitarfélaga. Stjórn Námsgagnasjóðs bendir jafnframt á að núverandi framlög til sjóðsins hafa rýrnað mjög að raungildi frá stofnun hans 2007.

Reykjavík, 21. ágúst 2019

f.h. stjórnar Námsgagnasjóðs

  
Guðni Ólgeirsson, formaður

Fylgiskjal 1: Úthlutunarreglur Námsgagnasjóðs nr. 899/2016

ÚTHLUTUNARREGLUR  
Námsgagnasjóðs.

1. gr.

Hlutverk Námsgagnasjóðs er að leggja grunnskólum til fé til námsgagnakaupa í því augnamiði að tryggja val þeirra um námsgögn, sbr. 6. gr. laga um námsgögn nr. 71/2007.

2. gr.

Fjármunum sem eru til ráðstöfunar á ári hverju, að frátöldum umsýslukostnaði, er úthlutað til grunnskóla til námsgagnakaupa. Hlutdeild hvers grunnskóla ræðst af nemendafjölda á grundvelli nýjstu upplýsinga frá Hagstofu Íslands um fjölda skráðra nemenda í hverjum grunnskóla.

Grunnskólar með 150 nemendur eða færri fá reiknað álag á hvern nemenda sem hér segir:

- a. 1-50 nemendur fá 20% hærri úthlutun.
- b. 51-100 nemendur fá 10% hærri úthlutun.
- c. 101-150 nemendur fá 5% hærri úthlutun.

Stjórn Námsgagnasjóðs hefur eftirlit með framkvæmd úthlutunar. Ákvörðun um úthlutun er endanleg og verður ekki skotið til æðra stjórnvalds.

3. gr.

Greiðsla fyrir hvern grunnskóla, óháð rekstrarformi, er innt af hendi til rekstraraðila í septembermánuði ár hvert. Rekstraraðilar grunnskóla fylgjast með því að grunnskólar nýti fjármagnið samkvæmt úthlutunarreglum sjóðsins.

4. gr.

Grunnskólum er einungis heimilt að ráðstafa fjármunum úr Námsgagnasjóði til kaupa á náms-gögnum frá lögaðilum öðrum en Menntamálastofnun og skulu námsgögnin samrýmast markmiðum aðalnámskrár grunnskóla. Óheimilt er að verja fjármunum úr Námsgagnasjóði til búnaðar- og tækja-kaupa.

Grunnskólum er heimilt að færa óráðstafað úthlutunarfé á milli skólaára.

5. gr.

Námsgagnasjóður getur kallað eftir gögnum um ráðstöfun úthlutunarfjár frá rekstraraðilum grunnskóla. Komi í ljós við eftirlit að grunnskóli hafi ráðstafað fjármunum úr Námsgagnasjóði til annars en heimilað er í úthlutunarreglum þessum getur stjórn sjóðsins krafist endurgreiðslu.

6. gr.

Umsýslukostnaður skal greiddur af ráðstöfunarfé sjóðsins til að standa undir rekstri hans. Umsýslukostnaður skal að hámarki vera 3% af ráðstöfunarfé sjóðsins ár hvert.

Umsýsluaðili skal birta á vef upplýsingar um starfsemi sjóðsins.

7. gr.

Úthlutunarreglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 3. mgr. 6. gr. laga um námsgögn nr. 71/2007 og öðlast þegar gildi.

Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 17. október 2016.

**Illugi Gunnarsson.**

\_\_\_\_\_  
Karitas H. Gunnarsdóttir.

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 31. október 2016

Fylgiskjal 2: Úthlutun úr Námsgagnasjóði skólaárið 2018-2019

Úthlutun úr Námsgagnasjóði skólaárið 2018-2019

Sveitarfélag	Grunnskóli	Upphæð
Reykjavíkurborg	Árbæjarskóli	829.440
Reykjavíkurborg	Ártúnsskóli	244.944
Reykjavíkurborg	Austurbæjarskóli	535.248
Reykjavíkurborg	Breiðagerðisskóli	489.888
Reykjavíkurborg	Breiðholtsskóli	500.256
Reykjavíkurborg	Brúarskóli	45.101
Reykjavíkurborg	Dalskóli	305.856
Reykjavíkurborg	Fellaskóli (Reykjavík)	453.600
Reykjavíkurborg	Foldaskóli	649.296
Reykjavíkurborg	Fossvogsskóli	483.408
Reykjavíkurborg	Grandaskóli	434.160
Reykjavíkurborg	Háaleitisskóli	703.728
Reykjavíkurborg	Hagaskóli	710.208
Reykjavíkurborg	Hamraskóli	198.288
Reykjavíkurborg	Háteigsskóli	583.200
Reykjavíkurborg	Hlíðaskóli	607.824
Reykjavíkurborg	Hólabrekkuskóli	650.592
Reykjavíkurborg	Húsaskóli	215.136
Reykjavíkurborg	Ingunnarskóli	506.736
Reykjavíkurborg	Kelduskóli	475.632
Reykjavíkurborg	Klébergsskóli	166.018
Reykjavíkurborg	Klettaskóli	167.378
Reykjavíkurborg	Langholtsskóli	829.440
Reykjavíkurborg	Laugalækjarskóli	404.352
Reykjavíkurborg	Laugarnesskóli	658.368
Reykjavíkurborg	Melaskóli	813.888
Reykjavíkurborg	Norðlingaskóli	769.824
Reykjavíkurborg	Ölduselsskóli	598.752
Reykjavíkurborg	Réttarholtsskóli	517.104
Reykjavíkurborg	Rimaskóli	657.072
Reykjavíkurborg	Sæmundarskóli	598.752
Reykjavíkurborg	Selásskóli	295.488
Reykjavíkurborg	Seljaskóli	832.032
Reykjavíkurborg	Vættaskóli	613.008
Reykjavíkurborg	Vesturbæjarskóli	453.600
Reykjavíkurborg	Vogaskóli	406.944
<b>Reykjavíkurborg</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>18.404.561</b>
<b>Sjálfstætt starfandi</b>		
Reykjavíkurborg	Barnaskóli Hjallastefnunnar Reykjavík	157.853
Reykjavíkurborg	Landakotsskóli	307.152
Reykjavíkurborg	Skóli Ísaks Jónssonar	257.904
Reykjavíkurborg	Suðurhlíðarskóli	66.874

Sveitarfélag	Grunnskóli	Upphæð
Reykjavíkurborg	Tjarnarskóli	76.982
Reykjavíkurborg	Waldorfskólinn Sólstafir	99.792
<b>Reykjavíkurborg - sjálfstætt st.</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>966.557</b>
Kópavogsbær	Álfhólsskóli	833.328
Kópavogsbær	Hörðuvallaskóli	1.170.288
Kópavogsbær	Kársnesskóli	740.016
Kópavogsbær	Kópavogsskóli	454.896
Kópavogsbær	Lindaskóli	625.968
Kópavogsbær	Salaskóli	740.016
Kópavogsbær	Smáraskóli	508.032
Kópavogsbær	Snælandsskóli	575.424
Kópavogsbær	Vatnsendaskóli	765.936
<b>Kópavogsbær</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>6.413.904</b>
<b>Sjálfstætt starfandi</b>		
Kópavogsbær	Waldorfskólinn Lækjarbotnum	109.771
<b>Kópavogsbær - sjálfstætt st.</b>		<b>109.771</b>
Seltjarnarneskaupstaður	Grunnskóli Seltjarnarness	679.104
<b>Seltjarnarneskaupstaður</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>679.104</b>
Garðabær	Álftanesskóli	531.360
Garðabær	Flataskóli	646.704
Garðabær	Garðaskóli	677.808
Garðabær	Hofsstaðaskóli	720.576
Garðabær	Sjálalandskóli	361.584
<b>Garðabær</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>2.938.032</b>
<b>Sjálfstætt starfandi</b>		
Garðabær	Alþjóðaskólinn á Íslandi	126.878
Garðabær	Barnaskóli Hjallastefnunnar á Vífilsstöðum	95.515
<b>Garðabær - sjálfstætt st.</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>222.394</b>
Hafnarfjarðarkaupstaður	Áslandsskóli	653.184
Hafnarfjarðarkaupstaður	Hraunvallaskóli	1.060.128
Hafnarfjarðarkaupstaður	Hvaleyrarskóli	530.064
Hafnarfjarðarkaupstaður	Lækjarskóli	680.400
Hafnarfjarðarkaupstaður	Öldutúnsskóli	689.472
Hafnarfjarðarkaupstaður	Setbergsskóli	539.136
Hafnarfjarðarkaupstaður	Skarðshlíðarskóli	134.006
Hafnarfjarðarkaupstaður	Víðistaðaskóli	921.456
<b>Hafnarfjarðarkaupstaður</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>5.207.846</b>
<b>Sjálfstætt starfandi</b>		
Hafnarfjarðarkaupstaður	Barnaskóli Hjallastefnunnar við Hjallabraut	125.453
Hafnarfjarðarkaupstaður	Framsýn - menntun	76.205
<b>Hafnarfjarðarkaupstaður - sjálfstætt st.</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>201.658</b>

Sveitarfélag	Grunnskóli	Upphæð
Mosfellsbær	Krikaskóli	144.245
Mosfellsbær	Lágafellsskóli	916.272
Mosfellsbær	Varmáarskóli	1.113.264
<b>Mosfellsbær</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>2.173.781</b>
Reykjanesbær	Akurskóli	668.736
Reykjanesbær	Háaleitisskóli (Reykjanesbæ)	317.520
Reykjanesbær	Heiðarskóli (Reykjanesbæ)	541.728
Reykjanesbær	Holtaskóli	579.312
Reykjanesbær	Myllubakkaskóli	426.384
Reykjanesbær	Njarðvíkurskóli	530.064
<b>Reykjanesbær</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>3.063.744</b>
Grindavíkurbær	Grunnskóli Grindavíkur	640.224
<b>Grindavíkurbær</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>640.224</b>
Sveitarfélagið Vogar	Stóru-Vogaskóli	224.208
<b>Sveitarfélagið Vogar</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>224.208</b>
Sameinað svf. Garðs og Sandgerðisbæjar	Gerðaskóli	278.640
Sameinað svf. Garðs og Sandgerðisbæjar	Grunnskólinn í Sandgerði	318.816
<b>Sameinað svf. Garðs og Sandgerðisbæjar</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>597.456</b>
Akraneskaupstaður	Brekkubæjarskóli	581.904
Akraneskaupstaður	Grundaskóli	815.184
<b>Akraneskaupstaður</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>1.397.088</b>
Hvalfjarðarsveit	Heiðarskóli (Leirársveit)	128.304
<b>Hvalfjarðarsveit</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>128.304</b>
Borgarbyggð	Grunnskóli Borgarfjarðar	241.056
Borgarbyggð	Grunnskólinn í Borgarnesi	361.584
<b>Borgarbyggð</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>602.640</b>
<b>Sveitarfélag</b>	<b>Grunnskóli</b>	<b>Upphæð</b>
Grundafjarðarbær	Grunnskóli Grundarfjarðar	122.602
<b>Grundafjarðarbær</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>122.602</b>
Stykkishólmsbær	Grunnskólinn í Stykkishólmi	207.360
<b>Stykkishólmsbær</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>207.360</b>
Eyja- og Miklaholtshreppur	Laugargerðisskóli	26.438
<b>Eyja- og Miklaholtshreppur</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>26.438</b>
Snæfellsbær	Grunnskóli Snæfellsbæjar	296.784
<b>Snæfellsbær</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>296.784</b>



Sveitarfélag	Grunnskóli	Upphæð
Dalabyggð	Auðarskóli	124.027
<b>Dalabyggð</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>124.027</b>
Bolungarvíkurkaupstaður	Grunnskóli Bolungarvíkur	193.234
<b>Bolungarvíkurkaupstaður</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>193.234</b>
Ísafjarðarbær	Grunnskóli Önundarfjarðar	27.994
Ísafjarðarbær	Grunnskólinn á Ísafirði	460.080
Ísafjarðarbær	Grunnskólinn Suðureyri/Suðureyrarskóli	60.653
Ísafjarðarbær	Grunnskólinn Þingeyri	41.990
<b>Ísafjarðarbær</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>590.717</b>
Reykholahreppur	Reykholaskóli	73.094
<b>Reykholahreppur</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>73.094</b>
Tálknafjarðarhreppur	Grunnskólinn á Tálknafirði	51.322
<b>Tálknafjarðarhreppur Sjálfstætt st.</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>51.322</b>
Vesturbyggð	Bíldudalsskóli	54.432
Vesturbyggð	Patreksskóli	136.858
<b>Vesturbyggð</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>191.290</b>
Súðavíkurhreppur	Súðavíkurskóli	35.770
<b>Súðavíkurhreppur</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>35.770</b>
Árneshreppur	Finnbogastaðaskóli	3.110
<b>Árneshreppur</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>3.110</b>
Kaldrananeshreppur	Grunnskólinn á Drangnesi	10.886
<b>Kaldrananeshreppur</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>10.886</b>
Strandabyggð	Grunnskólinn á Hólmavík	74.131
<b>Strandabyggð</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>74.131</b>
Sveitarfélagið Skagafjörður	Árskóli	443.232
Sveitarfélagið Skagafjörður	Grunnskólinn austan Vatna	91.238
Sveitarfélagið Skagafjörður	Varmahlíðarskóli	148.327
<b>Sveitarfélagið Skagafjörður</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>682.798</b>
Húnaþing vestra	Grunnskóli Húnaþings vestra	196.992
<b>Húnaþing vestra</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>196.992</b>
Blönduós bær	Grunnskólinn á Blönduósi/Blönduskóli	171.461
<b>Blönduós bær</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>171.461</b>
Sveitarfélagið Skagaströnd	Höfðaskóli	119.750
<b>Sveitarfélagið Skagaströnd</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>119.750</b>

Sveitarfélag	Grunnskóli	Upphæð
Húnavatnshreppur	Húnavallaskóli	65.318
<b>Húnavatnshreppur</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>65.318</b>
Akureyrarkaupstaður	Brekuskóli	659.664
Akureyrarkaupstaður	Giljaskóli	518.400
Akureyrarkaupstaður	Glerárskóli	406.944
Akureyrarkaupstaður	Grunnskólinn í Grímsey/Grímseyjarskóli	6.221
Akureyrarkaupstaður	Grunnskólinn í Hrísey/Hríseyjarskóli	17.107
Akureyrarkaupstaður	Hlíðarskóli	31.104
Akureyrarkaupstaður	Lundarskóli	601.344
Akureyrarkaupstaður	Naustaskóli	508.032
Akureyrarkaupstaður	Oddeyrarskóli	254.016
Akureyrarkaupstaður	Síðuskóli	495.072
<b>Akureyrarkaupstaður</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>3.497.904</b>
Norðurþing	Borgarhólsskóli	364.176
Norðurþing	Grunnskólinn á Raufarhöfn	20.218
Norðurþing	Öxarfjarðarskóli	37.325
<b>Norðurþing</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>421.718</b>
Fjallabyggð	Grunnskóli Fjallabyggðar	256.608
<b>Fjallabyggð</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>256.608</b>
Dalvíkurbyggð	Árskógarskóli	32.659
Dalvíkurbyggð	Dalvíkurskóli	278.640
<b>Dalvíkurbyggð</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>311.299</b>
Eyjafjarðarsveit	Hrafnagilsskóli	180.986
<b>Eyjafjarðarsveit</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>180.986</b>
Hörgársveit	Pelamerkurskóli	102.643
<b>Hörgársveit</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>102.643</b>
Svalbarðsstrandarhreppur	Valsárskóli	74.650
<b>Svalbarðsstrandarhreppur</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>74.650</b>
Grýtubakkahreppur	Grenivíkurskóli	73.094
<b>Grýtubakkahreppur</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>73.094</b>
Skútustaðahreppur	Reykjahlíðarskóli	51.322
<b>Skútustaðahreppur</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>51.322</b>
Pingeyjarsveit	Stórutjarnaskóli	60.653
Pingeyjarsveit	Pingeyjarskóli	96.941
<b>Pingeyjarsveit</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>157.594</b>
<b>Sveitarfélag</b>	<b>Grunnskóli</b>	<b>Upphæð</b>

Langanesbyggð	Grunnskólinn á Þórshöfn	96.941
<b>Langanesbyggð</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>96.941</b>
Seyðisfjarðarkaupstaður	Seyðisfjarðarskóli	92.664
<b>Seyðisfjarðarkaupstaður</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>92.664</b>
Fjarðabyggð	Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar	135.432
Fjarðabyggð	Grunnskóli Reyðarfjarðar	231.984
Fjarðabyggð	Grunnskólinn á Eskifirði	191.873
Fjarðabyggð	Grunnskólinn á Stöðvarfirði	27.994
Fjarðabyggð	Grunnskólinn í Breiðdalshreppi	24.883
Fjarðabyggð	Nesskóli	268.272
<b>Fjarðabyggð</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>880.438</b>
Vopnafjarðarhreppur	Vopnafjarðarskóli	125.453
<b>Vopnafjarðarhreppur</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>125.453</b>
Borgarfjarðarhreppur	Grunnskóli Borgarfjarðar eystri	7.776
<b>Borgarfjarðarhreppur</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>7.776</b>
Djúpavogshreppur	Grunnskóli Djúpavogs/Djúpavogsskóli	94.090
<b>Djúpavogshreppur</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>94.090</b>
Fljótsdalshérað	Brúarásskóli	65.318
Fljótsdalshérað	Fellaskóli (Fellabæ)	137.441
Fljótsdalshérað	Grunnskólinn Egilsstöðum og Eiðum/Egilsstaðaskóli	452.304
<b>Fljótsdalshérað</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>655.063</b>
Sveitarfélagið Hornafjörður	Grunnskóli Hornafjarðar	326.592
Sveitarfélagið Hornafjörður	Grunnskólinn í Hofgarði	17.107
<b>Sveitarfélagið Hornafjörður</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>343.699</b>
Vestmannaeyjabær	Grunnskóli Vestmannaeyja	673.920
<b>Vestmannaeyjabær</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>673.920</b>
Sveitarfélagið Árborg	Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri	172.822
Sveitarfélagið Árborg	Sunnulækjarskóli	857.952
Sveitarfélagið Árborg	Vallaskóli	745.200
<b>Sveitarfélagið Árborg</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>1.775.974</b>
Mýrdalshreppur	Grunnskóli Mýrdalshrepps/Víkurskóli	76.982
<b>Mýrdalshreppur</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>76.982</b>
Skaftárhreppur	Kirkjubæjarskóli	66.874
<b>Skaftárhreppur</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>66.874</b>
<b>Sveitarfélag</b>	<b>Grunnskóli</b>	<b>Upphæð</b>

Rangárþing eystra	Hvolsskóli	291.600
<b>Rangárþing eystra</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>291.600</b>
Rangárþing ytra	Grunnskólinn á Hellu	176.904
Rangárþing ytra	Laugalandsskóli í Holtum	108.346
<b>Rangárþing ytra</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>285.250</b>
Hrunamannahreppur	Flúðaskóli	141.134
<b>Hrunamannahreppur</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>141.134</b>
Hveragerðisbær	Grunnskólinn í Hveragerði	457.488
<b>Hveragerðisbær</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>457.488</b>
Sveitarfélagið Ölfus	Grunnskólinn í Porlákshöfn	291.600
<b>Sveitarfélagið Ölfus</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>291.600</b>
Grímsnes- og Grafningshreppur	Kerhólsskóli	63.763
<b>Grímsnes- og Grafningshreppur</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>63.763</b>
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	Þjórsárskóli	73.094
<b>Skeiða- og Gnúpverjahreppur</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>73.094</b>
Bláskógabyggð	Bláskógaskóli - Laugarvatni	72.706
Bláskógabyggð	Bláskógaskóli - Reykholti	115.474
<b>Bláskógabyggð</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>188.179</b>
Flóahreppur	Flóaskóli	145.606
<b>Flóahreppur</b>	<b>SAMTALS</b>	<b>145.606</b>